

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 1215/2000/EB

2001/EES/51/08

frá 16. maí 2000

um að víkka út ákvörðun nr. 710/97/EB um samræmda aðferð við leyfisveitingu á sviði einkafjarskiptaþjónustu um gervihnött innan bandalagsins(*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 47, 55 og 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar⁽¹⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251 gr. Sáttmálans⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvörðun nr. 710/97/EB⁽³⁾ fellur úr gildi 13. maí 2000.
- 2) Rétt er að framlengja gildistíma ákvörðunarinnar til 31. desember 2003.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í 12. gr. ákvörðunar nr. 710/97/EB komi setningin „og skal gilda til 31. desember 2003“ í stað setningarinnar „og skal gilda í þrjú ár eftir það“.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. maí 2000.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

*forseti.**Fyrir hönd ráðsins,*

M. M. CARRILHO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 139, 10.6.2000, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2000 frá 27. október 2000 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 2, 11.1.2001, bls. 7.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 140, 18.5.2000, bls. 42.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 2. mars 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 2. maí 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 105, 23.4.1997, bls. 4.